

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 6-10
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. nóvember 2013
2013110005/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglna með tilliti til myglusveppa og tjóns af völdum þeirra, 96. mál

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 5. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglna með tilliti til myglusveppa og tjóns af völdum þeirra, 96. mál.

Náttúrufræðistofnun tekur undir framangreinda þingsályktunartillögu. Náttúrufræðistofnun hefur á undanförnum árum séð um að greina myglusveppi fyrir ýmsa aðila, fyrirtæki og einstaklinga, og virðist sífellt vera meiri þörf fyrir þá þjónustu. Sérfræðingar á þessu sviði eru ekki margir á Íslandi enda krefst greining á sveppum, ekki síst myglusveppum, töluluverðrar sérþekkingar og reynslu. Stofnunin hefur einnig leiðbeint um ýmislegt sem snýr að vörnum gegn sveppum. Einn sérfræðingur vinnur hjá stofnuninni á þessu sviði og er greining á myglusveppum farin að skarast nokkuð á við eiginlegt hlutverk Náttúrufræðistofnunar á þessu sviði þ.e. að skrá, greina og flokka sveppi í náttúru Íslands. Ef vel ætti að vera þyrfi að efla þessa starfsemi hjá stofnuninni hvort sem stofnunin heldur áfram að greina myglusveppi i húsum eða ekki en mikilvægt er að góður þekkingargrunnur verði til um þennan hóp lífvera hér á landi.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

